



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

Búðafossvegur

Greinargerð Rangárbings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna samþykkis og útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skjal sótt af '2705765089' dags: 20.04 2026

10. apríl 2026

Efnisyfirlit

0. Inngangur	2
1. Afgreiðsla framkvæmdaleyfis	2
2. Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi	6
2.1 Framkvæmdin	6
2.2 Framkvæmdir og helstu kennitölur framkvæmda	7
2.3 Málsmeðferð	8
2.3. Skipulagsáætlanir	10
2.3.1. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps	10
2.3.2. Aðalskipulag Rangárbings ytra	10
3. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu	10
3.1. Matsskyldufyrirspurnir Vegagerðarinnar	11
3.2. Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu	11
3.2.1 Áhrif á landslag og ásýnd	12
3.2.2. Áhrif á jarðmyndanir	13
3.2.3 Áhrif á gróður	15
3.2.4 Áhrif á fuglalíf	16
3.2.5 Áhrif á vatnshlot	16
3.2.6 Áhrif á menningarminjar	17
4. Umsögn Náttúruverndarstofnunar	18
5. Önnur leyfi	21
5.1 Leyfi Fiskistofu og ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar	21
5.2 Samþykki landeigenda	23
6. Lagaleg umgjörð	23
7. Skilyrði leyfisveitanda og mótvægisáðgerðir	24

0. Inngangur

Fyrir liggur umsókn Vegagerðarinnar frá 6. febrúar 2026 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Búðafossvegur (23) ásamt nýrri brú yfir Þjórsá. Í 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er tekið fram um matsskyldar framkvæmdir að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skal það koma fram í leyfinu. Sambærileg fyrirmæli er að finna í ákvæði 3. mgr. 13. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem kveðið er á um að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins. Leyfisveitandi skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í álit Skipulagsstofnunar.

Fyrir liggja ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar frá 2. febrúar 2026, 3. apríl 2025 og 28. ágúst 2009 þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Við ákvörðun um leyfi til tilkynningarskyldrar framkvæmdar skv. 26. gr. laga nr. 111/2021 skal leyfisveitandi skv. 2. mgr. ákvæðisins kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd. Í 5. mgr. 13. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kemur fram að þar sem fyrir liggja ákvörðun um að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þá skuli leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd. Greinargerð þessi er tekin saman um framangreind atriði ásamt öðrum forsendum fyrir veitingu leyfisins og skilyrðum þess. Við það eru hafðar til hliðsjónar þær kröfur sem gerðar eru til greinargerða leyfisveitanda vegna matsskyldra framkvæmda skv. 27. gr. laga nr. 111/2021 og 13. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í greinargerðinni er yfirlit yfir helstu gögn, forsendur og viðfangsefni sem sveitarfélögin líta til við ákvörðun um afgreiðslu fyrirbyggjandi umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna Búðafossvegur ásamt nýrri Brú yfir Þjórsá. Í afgreiðslu sveitarfélaganna er meðal annars litið til skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga um umhverfismat nr. 106/2000 eftir því sem við á, laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um náttúruvernd nr. 60/2013, laga um menningarminjar nr. 80/2012 og laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

1. Afgreiðsla framkvæmdaleyfis

Sveitarfélögin hafa yfirfarið umsókn Vegagerðarinnar (hér eftir nefnd Vegagerðin, fyrirtækið eða framkvæmdaraðili), dags. 6. febrúar 2026, um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Búðafossvegur ásamt nýrri brú yfir Þjórsá, í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 26. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021, eftir því sem við á.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu um 7,4 km nýs vegar á milli Þjórsárdalsvegur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Landvegur í Rangárþingi ytra. Vegurinn mun heita Búðafossvegur og kemur til með að liggja frá nýju hringtorgi á Þjórsárdalsvegi um land Réttarholts og Minna-hofs, um nýja brú yfir Þjórsá og þaðan um land Vindáss og Minni-Valla að Landvegi. Búðafossvegur verður útfærður samkvæmt viðmiðum vegflokks C8 með tveimur 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum beggja megin. Heildarbreidd vegar er því 8,0 m og verður hámarkshraði vegarins 90 km/klst með áætlaðri umferð um 500 bifreiða daglega. Vegsvæði vegarins verður 40 m breitt, 20 m frá miðlínu í hvora átt. Um er að

ræða nokkuð umfangsmikinn veg og brú yfir Þjórsá sem liggur um svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélaganna beggja vegna árinna. Rúmir 2 km munu liggja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og um 5 km í Rangárþingi ytra. Fyrirhugað hringtorg á veginum verður malbikað en annað yfirborð vegarins klætt. Yfir Þjórsá verður byggð 204 m löng tvíbreið stálbitabru með steypu gólfi í 5 m hæð yfir vatnsyfirborði árinna og í fimm höfum; tveimur 36 m löngum og þremur 44 m löngum. Heildarbreidd brúar verður 11 m og frá nyrðri bakka Þjórsár, að sjálfri brúnni, verður Búðafossvegur á um 140 m langri grjótvarðri fyllingu út í ána. Áætluð efnisþörf í framkvæmdina er tæplega 350.000 m³ sem verður fengið frá fjórum efnistökusvæðum og úr skeringum. Eina nýja náman sem opnuð verður vegna framkvæmdanna er Búðanáma sem verður staðsett rétt vestan fyrirhugaðs Búðafossvegar á norðurbakka Þjórsár. Nánar er greint frá efnistöku framkvæmdarinnar hér síðar í greinargerðinni ásamt frágangi og vali á veglínu o.fl.

Eftir yfirferð á gögnum framkvæmdaleyfisumsóknar og fylgiskjöllum hennar, þar með töldum matsskyldufyrirspurnum og ákvörðunum Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdarinnar, ásamt skipulagsáætlunum sveitarfélaganna, telja sveitarfélögin að fullnægjandi gögn liggja fyrir til að taka rökstudda afstöðu til leyfisumsóknar Vegagerðarinnar.

Fyrirspurn um matskyldu vegna framkvæmdarinnar var upphaflega send Skipulagsstofnun 15. júlí 2009. Samkvæmt þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 var aðeins efnistaka vegna vegagerðarinnar fyrirspurnarskyld, en þá var fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar úr fimm námum, Minnivallanámu, Lækjarbotnagryfju, Flagbjarnarholtseyrum, Miðhúsanámu og Búðanámu. Með ákvörðun Skipulagsstofnunar þann 28. ágúst 2009 var komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirspurn um matskyldu vegna stækkunar Búðanámu vegna framkvæmdarinnar úr 50.000 m³ í 60.000 m³ var send til Skipulagsstofnunar þann 27. janúar 2025. Var niðurstaða stofnunarinnar í ákvörðun um matskyldu frá 3. apríl 2025 á þann veg að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum með vísan til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þessarar stækkunar Búðanámu var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. september 2025 með auglýsingu nr. 1051/2025.

Í fyrirspurn Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar, þann 15. júlí 2009, var gerð grein fyrir Búðafossvegi og legu hans en þar sem vegkaflinn var utan þéttbýlis og undir 10 km á lengd var hann ekki tilkynningarskyldur til Skipulagsstofnunar og þarfnaðist ekki sérstakrar málsmeðferðar skv. lögum nr. 106/2000. Í nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 varð vegurinn aftur á móti tilkynningarskyldur með því að stærðarviðið vegna tilkynningarskyldu fyrir vegi utan þéttbýlis var fært niður í 5 km. Í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021 er kveðið á um að þegar framkvæmdir í flokki B og C, samkvæmt eldri lögum nr. 106/2000, hafi verið tilkynntar til ákvörðunar um matskyldu sé heimilt að ljúka þeirri málsmeðferð samkvæmt eldri löggjöfinni. Þar sem einungis efnistakan eins og hún var upprunalega fyrirhuguð var tilkynnt Skipulagsstofnun á fyrri stigum, en ekki veglagningin sjálf eða stækkun Búðanámu, fellur meðferð síðast greinda hluta hennar utan gildissviðs 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021. Fer því um meðferð málsins, að því er varðar veglagninguna sjálfa og efnistöku, að því er tekur til stækkunar Búðanámu, samkvæmt lögum nr. 111/2021 í stað eldri laga um umhverfismat nr. 106/2000. Framkvæmdaraðili sendi Skipulagsstofnun matskyldufyrirspurn vegna stækkunar Búðanámu þann 27. janúar 2025. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu frá 3. apríl 2025 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin væri ekki matskyld. Framkvæmdaraðili endurnýjaði matskyldufyrirspurn sína til Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdanna þann 17. nóvember 2025. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu, frá 2. febrúar 2026, er komist að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 til byggingar brúar yfir Þjórsár ofan við Búðafoss liggur fyrir og fylgir með umsókn Vegagerðarinnar ásamt uppfærðri skilagrein/umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 5. maí 2022 um áhrif framkvæmdanna á lífríki í vatni, umsögn Veiðifélags Þjórsár frá 21. júlí 2022 og minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar frá 24. apríl 2024 um mat á áhrifum framkvæmdanna á vatnshlot út frá markmiðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Í leyfi Fiskistofu er m.a. rakið að Vegagerðin hafi tekið mið af ábendingu í umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 21. júlí 2022 þar sem lagt sé til að skoðað verði hvaða áhrif 160 m brúarhaf hafi á straumlag og straumhraða og hvort brúarhafið þurfi hugsanlega að vera lengra með tilliti til fiskgöngu, og uppfærð útfærsla miði þannig við 204 m langa brú. Jafnframt kemur þar fram að stjórn Veiðifélags Þjórsár hafi gert athugasemdir við fyrirhugaðar vegfyllingar beggja vegna brúarinnar og að útfærslu brúargerðarinnar hafi verið breytt til þess að minnka slíkar vegfyllingar og brúin sjálf lengd úr 160 m í 204 m. Að auki er í leyfi Fiskistofu rakið að fram komi í mati Hafrannsóknarstofnunar á áhrifum framkvæmdanna á vatnshlotið Þjórsá 1 að stofnunin telji ólíklegt að framkvæmdir við vega- og brúargerð muni valda breytingum á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1 eða þveráa hennar ofan brúarstæðis með tilliti til laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Einnig liggur fyrir minnisblað Eflu vegna fyllinga í árfarvegi Þjórsár vegna lengdrar brúar frá 6. júní 2023 þar sem fjallað er um samskipti við hagsmunaaðila, Hafrannsóknarstofnun og Veiðifélag Þjórsár, athugasemdir þeirra og viðbrögð hönnuða til að taka mið af þeim. Þá er sérstaklega fjallað um mögulegar útfærslur á varnargörðun/fyllingum í árfarveginum á framkvæmdatíma sem þrengi árfarveginn tímabundið og leiði til aukins straumhraða ásamt möguleikanum á að láta þá standa í árfarveginum yfir sumartímann. Að auki liggur fyrir straumfræðigreining verkfræðistofunnar Verkís, frá 6. febrúar 2024, sem var unnin vegna framangreindra ábendinga um mögulega lengingu brúarinnar vegna straumhraða.

Á grundvelli framangreindra gagna ákvað Vegagerðin að lengja brúna úr 160 metrum í 204 metra til þess að koma í veg fyrir óæskilega háan straumhraða í brúaropi.

Í niðurstöðum ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu, frá 28. ágúst 2009, var undirstrikað að brýnt væri að ekki yrði veitt leyti fyrir framkvæmdunum fyrr en vettvangsskoðun fornleifafræðings hefði farið fram og staðfesting Fornleifaverndar á því að tekið hefði verið tillit til niðurstöðu hennar. Gengi það eftir taldi Skipulagsstofnun ekki líklegt að framkvæmdirnar hefðu umtalsverð neikvæð áhrif á menningarminjar. Fyrirliggjandi eru fornleifaskráningar vegna framkvæmdarinnar sem voru unnar af Fornleifastofnun Íslands árin 2022, 2023 og 2024 í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í kjölfar skráningarinnar árið 2022 setti Minjastofnun Íslands fram kröfur um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa á áhrifasvæði framkvæmdarinnar sem fólust í gerð könnunarskurða og fullnaðargreftri á tóft. Þegar skráningarskýrsla lá fyrir gerði Minjastofnun kröfu um fornleifarannsóknir sem hefur verið uppfyllt og skýrslu skilað til Minjastofnunar þar að lútandi. Fyrir liggur staðfesting frá Minjastofnun Íslands frá 7. október 2025 á því að komið hafi verið til móts við kröfur stofnunarinnar vegna framkvæmdarinnar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu frá 3. apríl 2025 kemur fram að neikvæðustu áhrifin af framkvæmdinni felist í varanlegum óafturkræfum áhrifum á jarðmyndanir og þar sérstaklega vísað til þess að framkvæmdin muni raska hrauni sem njóti sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Forðast beri röskun hraunsins nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með vísan til umsagna Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar taldi Skipulagsstofnun fyrirhugaða stækkun á námunni geta dregið frekar úr verndargildi hraunsins miðað við fyrri áform. Gera megi ráð fyrir að áhrif námunnar á landslag verði meiri með stækkun hennar auk þess sem sýnileiki hennar sé líklegur til að aukast. Engu að síður telji Skipulagsstofnun að náman verði lítt áberandi eftir að vinnu úr henni ljúki, að þremur árum liðnum, og náman frágengin.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að hluta til í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Skipulagsstofnun leggur áherslu á í ákvörðun sinni um matsskyldu framkvæmdanna frá 2. febrúar 2026 að votlendissvæðum verði hlíft við raski eins og frekast er unnt og Vegagerðin þurfi m.a. að skilgreina öryggissvæði eins þröngt og kostur er, raska eigi landi utan framkvæmdasvæðis, halda öllu raski á öðru gróðurlendi í lágmarki og tryggja frágang í samræmi við fyrirliggjandi verklagsreglur Vegagerðarinnar sem komi fram í greinargerð framkvæmdaraðila. Jafnframt hvetur Skipulagsstofnun Vegagerðina til að endurheimta votlendi í stað þess sem þarf að raska við lagningu vegarins sem komið hafi fram að sé til athugunar. Nú liggur fyrir yfirlitsmynd kortlagningar á gróðurfari í veglínu Búðafossvegur sunnan Þjórsár þar sem fram kemur að 0,76 ha votlendis verða fyrir beinu raski vegna lagningar Búðafossvegur. Munu þessar upplýsingar nýtast við endurheimt votlendis af hálfu framkvæmdaraðila. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur einnig fram að framkvæmdin geti haft neikvæð staðbundin áhrifa á fugla auk þess sem einhverjar tegundir mófugla muni missa búsvæði sín. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur einnig fram að á framkvæmdasvæðinu sé Þjórsárhraunið mikla sem hafi runnið fyrir meira en 8000 árum. Það hafi samkvæmt skilgreiningu í greinargerð með frumvarpi til laga að gildandi lögum um náttúruvernd glatað verndargildi sínu þar sem það sé að langmestu leyti hulið þykkum jarðvegi á svæðinu auk þess sem fjöldi mannvirkja á svæðinu séu einnig staðsett á Þjórsárhrauni. Sveitarfélögin taka undir framangreint mat Skipulagsstofnunar á þessum atriðum en undirstrika brýna þörf á því að tryggðar séu greiðar og öruggar samgöngur á þessu svæði og á milli sveitarfélaganna, sem er grundvallarmarkmið framkvæmdarinnar.

Sveitarfélögin telja lýsingu framkvæmdarinnar í umsókn Vegagerðarinnar frá 6. febrúar 2026 og fylgiskjölum, með fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, vera í samræmi við tilkynningar Vegagerðarinnar og matsskylduákvæðanir Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 og 111/2021, og önnur leyfi sem Vegagerðin hefur fengið vegna framkvæmdarinnar. Framkvæmdirnar séu í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028 og Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Sveitarfélögin telja samkvæmt framansögðu lagaskilyrði vera til útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við fyrirhugaða veglagningu Búðafossvegur í samræmi við fyrirliggjandi umsókn og fylgiskjöl hennar. Það er því niðurstaða sveitarstjórna sveitarfélaganna að heimila útgáfu framkvæmdaleyfa til lagningar Búðafossvegur, tilheyrandi heimreiða og tengivega, hringtorgi við Þjórsárdalsveg, T-vegamóta við Landveg, girðinga og ristarhliða, reiðleiða samsíða Búðafossvegi og brúarsmíði yfir Þjórsá til samræmis við fyrirliggjandi umsókn og fylgiskjöl hennar.

Sveitarfélögin gera þær mótvægisáðgerðir og verklag, sem lýst er í tilkynningum framkvæmdanna til Skipulagsstofnunar, álitum Skipulagsstofnunar um matsskyldu, umsókn um framkvæmdaleyfi, og leyfi Fiskistofu til framkvæmdanna, að skilyrðum fyrir veitingu framkvæmdaleyfis, auk skilyrða í 7. kafla greinargerðar þessarar. Einnig gera sveitarfélögin þau skilyrði, sem koma fram í leyfi Fiskistofu, að skilyrðum fyrir framkvæmdaleyfi. Er útgáfa framkvæmdaleyfa háð því að framangreind skilyrði verði uppfyllt áður en framkvæmdir hefjast í árfarvegi Þjórsár, sbr. 4. mgr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Minnt er á að leyfið veitir ekki heimild til framkvæmda á tilteknum svæðum nema fyrir liggja samþykki landeiganda viðkomandi svæðis eða eignarnám, hafi ekki náðst samkomulag við landeiganda.

Útgáfa framkvæmdaleyfis er eingöngu bundin við þær framkvæmdir sem fjallað er um í framkvæmdaleyfisumsókn og tilgreindar eru á uppdráttum sem fylgdu umsókninni, fjallað er um í tilkynningu framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og eru í samræmi við skipulag.

Hefjist framkvæmd ekki innan tólf mánaða frá samþykki sveitarstjórnar fyrir veitingu framkvæmdaleyfisins fellur það úr gildi, sbr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

Í þessari greinargerð er yfirlit um helstu forsendur og viðfangsefni sem sveitarstjórnir Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra líta til við ákvörðun um framkvæmdaleyfið. Við meðferð málsins hefur m.a. verið litið til forsendna fyrir framkvæmd, umhverfisáhrifa, valkosta á útfærslu vegstæðis og lengdar brúar, aðgerða til að draga úr umhverfisáhrifum, vöktunaraðgerða, samræmis við skipulagsáætlanir og ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Við afgreiðslu umsóknar hefur verið gætt að ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010, laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013, laga um menningarminjar nr. 80/2012, laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011, 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og vegalaga nr. 80/2007 auk annarra laga og reglugerða sem við eiga.

2. Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi

2.1 Framkvæmdin

Með umsókn, dags 6. febrúar 2026, sótti Vegagerðin um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórna Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps til lagningar Búðafossvegar (23) í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt umsókninni er markmið framkvæmdarinnar að bæta og tryggja greiðari samgöngur á milli sveitarfélaganna ásamt bættu umferðaröryggi.

Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar eru:

- 1) Greinargerð umsóknar framkvæmdaraðila, framkvæmdalýsing, ásamt viðbótarskjalaskrá
- 2) Teikningasett ásamt teikningaskrá
- 3) Teikning, yfirlitsmynd Búðafossvegar
- 4) Teikning, kennisnið Búðafossvegar C8
- 5) Teikning, kennisnið heimreiða og tenginga C7
- 6) Teikning, Búðafossvegur norðan Þjórsár
- 7) Teikning, Búðafossvegur sunnan Þjórsár
- 8) Teikning, Búðafossvegur girðingar reiðleið - 1611-170-32-A000-V05
- 9) Teikning, Búðafossbrú yfirlitsmynd og þversnið
- 10) Efla, minnisblað - Fyllingar í árfarveginum, dags. 6. júní 2023
- 11) Skipulagsstofnun, ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum, dags. 28. ágúst 2009
- 12) Efla f.h. Vegagerðarinnar, vegna breytinga á námum, 15. júní 2022
- 13) Matsskyldufyrirspurn og greinargerð framkvæmdaraðila, dags. 17. nóvember 2025
- 14) Matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 2. febrúar 2026
- 15) Leyfi Fiskistofu, dags. 29. febrúar 2024
- 16) Uppfærð skilagrein um áhrif framkvæmda á lífríki í vatni/umsögn Hafrannsóknarstofnunar, dags. 5. maí 2022
- 17) Umsögn Veiðifélags Þjórsár, dags. 21. júlí 2022
- 18) Verkís, straumfræðigreining, dags. 6. febrúar 2024
- 19) Umsögn Hafrannsóknarstofnunar um áhrif á vatnshlot, dags. 24. apríl 2024
- 20) Hafrannsóknarstofnun, stuðningsskjal áhrifamat vatnshlots
- 21) Fornleifar - FS895-22291, Búðafossvegur 2022
- 22) Fornleifar - FS933-22451, Vegna lagningar Búðafossvegar 2023
- 23) Fornleifar - FS983-23231, Tóftin við Markamýri og uppgröftur á tóft í Vindási 2024
- 24) Minjastofnun, staðfesting, dags. 7. október 2025
- 25) Framkvæmdaáætlun verkkaupa
- 26) Matsskyldufyrirspurn og greinargerð framkvæmdaraðila vegna stækkunar Búðanámu, dags. 27. janúar 2025

- 27) Skipulagsstofnun, ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Búðanámu, dags. 3. apríl 2025
- 28) Tilkygning til ákvörðunar um matsskyldu og greinargerð framkvæmdaraðila vegna efnistöku, dags. í júlí 2009, ásamt bréfi dags. 15. júlí 2009
- 29) Umsögn Náttúruverndarstofnunar til Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 12. mars 2026.
- 30) Umsögn Náttúruverndarstofnunar til Rangárþings ytra, dags. 27. febrúar 2026
- 31) Svör Vegagerðarinnar vegna umsagnar Náttúruverndarstofnunar, dags. 10. mars 2026, auk yfirlitskorts vegna kortlagningar á náttúrufari í veglínu Búðafossvegur, sunnan Þjórsár
- 32) Umsögn Umhverfis- og Orkustofnunar, dags. 31. mars 2026

2.2 Framkvæmdir og helstu kennitölur framkvæmda

Umsókn Vegagerðarinnar tekur til eftirfarandi framkvæmda:

- **Búðafossvegur**
Vegtegund C8 (8 metra breitt þversnið). Tvær akreinar, 3,5 metra breiðar og 0,5 metra breiðar axlir beggja megin. Yfirborð vegarins verður klætt fyrir utan hringtorgið við Þjórsárdalsveg sem verður malbikað. Lengd Búðafossvegur er 7,4 km.
- **Heimreiðar og tengivegir**
Staðsetningar við námuveg, Laugatengingu, Vindástengingu og Minni Valla tengingu. Vegtegund C7 (7 metra breitt þversnið). Tvær akreinar, 3,0 metra breiðar og 0,5 metra breiðar axlir beggja megin. Heimreiðar og tengingar verða klæddar frá Búðafossvegi að ristarhliðum, eftir það verður malarslitlag.
- **Hringtorg við Þjórsárdalsveg**
Einbreitt hringtorg með 6,5 metra breiðri akbraut og steypu yfirkeyslusvæði. Hringtorgið og tengingar út frá því verða malbikaðar. Hringtorgið verður upplýst.
- **Vegamót við Landveg**
Hefðbundin T-vegamót sem eru afmörkuð með yfirborðsmerkingum. Breikkun (framhjáhlaup) verður gerð á Landvegi þ.a. hægt sé að komast fram hjá bílum sem beygja til vinstri af Landvegi inn á Búðafossveg. Vegamótin verða upplýst.
- **Reiðleiðir**
Staðsetningar samsíða Búðafossvegi, austan við Búðafossveg í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en vestan við Búðafossveg í Rangárþingi Ytra. Reiðleiðir verða grófmótaðar auk þess sem settar verða upp girðingar og girðingarhólf við báða enda brúarinnar til að auðvelda reiðfólki að komast upp á veg og yfir brú. Meðfram norðurbakka Þjórsár liggur reiðleið þvert á Búðafossveg og verður sett stálplöturæsi undir Búðafossveg þannig að hestamenn þurfi ekki að fara upp á búðafossveg.
- **Brú yfir Þjórsá**
Ný brú yfir Þjórsá byggð ofan við Búðafoss. Brúin er af vegtegund C10, þar sem heildarbreidd brúarinnar verður 11 metrar. Á henni verða tvær akreinar, 3,5 metrar breiðar og 1,5 metra breiðar axlir beggja megin. Heildarlengd brúarinnar verður 204 metrar, í fimm höfum, tvö 36 metra löng höf og þrjú 44 metra löng höf. Frá nyrðri bakka Þjórsár að nyrðri landstöpli verður vegurinn á um 140 metra langri fyllingu út í ána. Fyllingar í Þjórsá verða grjótvarðar. Syðri landstöpull brúarinnar verður á núverandi árbakka. Á byggingartíma brúarinnar verða byggðir varnargarðar út í ána til þess að hægt sé að steypa sökkla og stöpla. Varnargarðarnir norðanmegin verða fjarlægðir áður en varnargarðar sunnan megin verða byggðir.
- **Efnistaka**
Áætluð efnispörf í framkvæmdina er um 350.000 m³ og verður uppfyllt með eftirfarandi hætti:

- *Frárennslisskurður Hvammsvirkjunar, Rangárþingi ytra - meirihluti efnis, um 213.000 m³.*

Gildandi starfs- og framkvæmdaleyfi og innan marka efnistökuheimilda. Fyrirliggjandi umhverfismat. Efni sem annars þyrfti að haugsetja mun nýtast til að uppfylla nærri 2/3 af efnisþörf vegarins sem annars þyrfti að sækja í námur. Fyllingarefni nýtt í vegfyllingar Búðafossvegar sunnan Þjórsár. Unnið efni úr skurðinum notað bæði sunnan og norðan Þjórsár.

- *Búðanáma, Skeiða- og Gnúpverjahreppi – Næst stærsti hluti efnis, um 52.000 m³.*

Ný náma rétt vestan fyrirhugaðs Búðafossvegar, á norðurbakka Þjórsár. Náman verður girt af á meðan á framkvæmdum stendur og gengið frá henni í verklok í samvinnu við landeigendur. Að námunni verður lagður slóði. Fyrirspurn um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu úr 50.000 m³ í 60.000 m³ var send til Skipulagsstofnunar í byrjun árs 2025 og var niðurstaða stofnunarinnar sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þessarar stækkunar Búðanámu var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. september 2025 með auglýsingu nr. 1051/2025. Efnið verður nýtt í varnargarða í Þjórsá og vegfyllingar Búðafossvegar norðan Þjórsár.

- *Klapparholt, grjótnáma í Syðra Langholt 4 í Hrunamannahreppi – um 11.000 m³.*

Náman þegar opin og með starfsleyfi. Við upphaf framkvæmda notað grjót til rofvarna og síulag í varnargarða í Þjórsá. Matsskyldufyrirspurn send Skipulagsstofnun 12. mars 2025 vegna stækkunar námusvæðisins úr 0,9 í 2,4 ha og aukningu efnistöku um 93.000 m³ þannig að heimiluð heildar efnistaka úr námunni yrði 138.000 m³ til að mæta aukinni eftirspurn eftir efni vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg og verkefna tengdum Hvammsvirkjun. Ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. apríl 2025 um að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Seinni tillaga að nýrri skipulagslýsingu gerir ráð fyrir að náman stækki úr 0,9 ha í 1,3 ha og leyfileg efnistaka verði 138.000 m³ í stað 45.000 m³ og eru gögn aðgengileg vegna hennar undir málsnr. 1633/2025 á vefsvæði skipulagsgáttar.

- *Náma í Þjórsá við Þverá (Hagalón) – um 8.000 m³ ef þörf verður á til slóðagerðar frá Þjórsárdalsvegi niður að Búðanámu.*

Aðalskipulag heimilar efnistöku upp á 500.000 m³ úr Hagalóni og hefur hún verið umhverfismetin sem hluti framkvæmdar Hvammsvirkjunar.

- *Skeringar/endurnýtt efni/klæðningarefni – 66.000 m³.*

Reiknað er með að nýtanlegt efni úr skeringum í vegstæðinu muni skila um 33.000 m³. Endurnýtanlegt efni úr varnargörðum í Þjórsá er talið vera um 31.000 m³. Magn steinefna í klæðningu verður um 2.000 m³ en ekki er ákveðið úr hvaða námu það kemur.

2.3 Málsmeðferð

Fyrirspurn um matskyldu vegna framkvæmdarinnar var upphaflega send Skipulagsstofnun 15. júlí 2009, en samkvæmt þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 var aðeins efnistaka vegna vegagerðarinnar fyrirspurnarskyld. Var þá fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar úr fimm námum, Minnivallanámu, Lækjarbotnagryfju, Flagbjarnarholtseyrum, Miðhúsánámu og Búðanámu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var fengin með ákvörðun um matskyldu þann 28. ágúst 2009. Var niðurstaðan á þann veg að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í skýrslu Eflu um breytt fyrirkomulag framkvæmdar frá 15. júní 2022 kemur fram að einungis verði notast við efni úr frárennslisskurði Hvammsvirkjunar og úr Búðanámu, en fyrirhuguð efnistaka skv.

fyrirliggjandi umsókn er útlistuð hér að framan í kafla 2.2. Eins og þar kemur fram hafa umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar, þ.m.t. frárennslisskurðarins, þegar verið metin og falla framkvæmdir við frárennslisskurðinn undir framkvæmaleyfi Hvammsvirkjunar.

Fyrirspurn um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu vegna framkvæmdarinnar úr 50.000 m³ í 60.000 m³ var send til Skipulagsstofnunar þann 27. janúar 2025. Var niðurstaða stofnunarinnar í ákvörðun um matsskyldu frá 3. apríl 2025 á þann veg að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum með vísan til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þessarar stækkunar Búðanámu var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. september 2025 með auglýsingu nr. 1051/2025 og er efnistakan í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Klapparholtsnáman er utan beggja sveitarfélaganna, í Hrunamannahreppi, og þegar starfandi, með heimila efnistöku í dag upp á 45.000 m³ sem rúmar fyrirhugaða efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Fyrirhuguð efnistaka úr Hagalóni ef á hana reynir er innan heimilda aðalskipulags sveitarfélaganna og hefur verið umhverfismetin sem hluti framkvæmda vegna Hvammsvirkjunar og fellur undir framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar.

Í matsfyrirspurn Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar þann 15. júlí 2009 var gerð grein fyrir Búðafossvegi og legu hans en þar sem vegkaflinn var utan þéttbýlis og undir 10 km á lengd var hann ekki tilkynningarskyldur til Skipulagsstofnunar og þarfnaðist ekki sérstakrar málsmeðferðar skv. lögum nr. 106/2000. Í nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 varð vegurinn aftur á móti tilkynningarskyldur með því að stærðarviðmið vegna tilkynningarskyldu fyrir vegi utan þéttbýlis var fært niður í 5 km. Í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021 er kveðið á um að þegar framkvæmdir í flokki B og C samkvæmt eldri lögum nr. 106/2000 hafi verið tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu sé heimilt að ljúka þeirri málsmeðferð samkvæmt eldri löggjöfni. Þar sem einungis upprunalega fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar, en ekki veglagningin sjálf eða efnistaka úr stækkaðri Búðanámu, var tilkynnt Skipulagsstofnun á fyrri stigum fellur meðferð síðargreindu hluta framkvæmdanna utan gildissviðs 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021. Fer því um meðferð málsins að því er varðar veglagninguna sjálfa samkvæmt lögum nr. 111/2021 í stað eldri laga um náttúruvernd nr. 106/2000. Framkvæmdaraðili endurnýjaði því matsskyldufyrirspurn sína til Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdanna þann 17. nóvember 2025. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 2. febrúar 2026 er komist að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggja leyfi Fiskistofu skv. skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 til byggingar brúar yfir Þjórsár ofan við Búðafoss. Einnig liggur fyrir minnisblað Eflu vegna fyllinga í árfarvegi Þjórsár vegna lengdrar brúar frá 6. júní 2023 auk fyrir straumfræðigreiningar verkfræðistofunnar Verkís frá 6. febrúar 2024, sem var unnin vegna ábendinga um mögulega lengingu brúarinnar vegna straumhraða, en Vegagerðin ákvað að lengja brúna úr 160 metrum í 204 metra til þess að koma í veg fyrir óæskilega háan straumhraða í brúaropi. Fyrirliggjandi eru einnig fornleifaskráningar vegna framkvæmdarinnar í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 ásamt staðfestingu frá Minjastofnun Íslands frá 7. október 2025 á því að komið hafi verið til móts við kröfur stofnunarinnar vegna framkvæmdarinnar.

Í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga og 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga hefur verið leitað umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna framkvæmdaleyfisumsóknar Vegagerðarinnar af hálfu beggja sveitarfélaga. Jafnframt liggja fyrir svör Vegagerðarinnar vegna umsagna Náttúruverndarstofnunar frá 10. mars 2026. Í umsögnum Náttúruverndarstofnunar, dags. 27. febrúar 2026 og 12. mars 2026, er vísað sérstaklega til þeirrar umsagnar sem stofnunin sendi Skipulagsstofnun þann 19. desember 2025 og áréttað mikilvægi þess að horft sé til hennar við afgreiðslu málsins.

2.3. Skipulagsáætlanir

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netlaga, háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar, Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja samþykkt aðalskipulag sem framangreindir aðilar hafa gefið umsögn sína um með vísan til 1. mgr. 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 getur sveitarstjórn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum veitt framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum á svæði þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Skal það vera að undangenginni grenndarkynningu skv. 44. gr. laganna sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag og í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis. Heimilt er að falla frá grenndarkynningu ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi.

Sveitarfélögin telja fjallað með nægilega ítarlegum hætti um framkvæmdina í aðalskipulagi beggja sveitarfélaga til þess að heimilt sé að falla frá grenndarkynningu skv. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga og telja önnur skilyrði varðandi skipulag og umsagnaraðila uppfyllt. Í samræmi við 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga var aflað umsagnar Náttúruverndarstofnunar við meðferð málsins eins og farið verður nánar yfir síðar í greinargerðinni. Jafnframt liggur fyrir umsögn Umhverfis- og orkustofnunar vegna málsins þar sem ekki fram kemur að stofnunin telji að gert sé grein fyrir framkvæmdinni með fullnægjandi hætti og geri ekki athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis.

2.3.1. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem gert er ráð fyrir Búðafossvegi og nýrri brú yfir Þjórsá ásamt efnistöku úr Búðanámu fyrir allt að 60.000 m³ í samræmi við umsókn. Með samþykkt sinni á stefnu samgangna í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 hefur sveitarstjórn sett fram skýra stefnu um stofnvegi og tengivegi í sveitarfélaginu. Eitt af meginmarkmiðunum eru að bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.

Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna stækkunar Búðanámu stækkunar Búðanámu vegna framkvæmdarinnar úr 50.000 m³ í 60.000 m³ var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. september 2025 með auglýsingu nr. 1051/2025 og er efnistakan í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

2.3.2. Aðalskipulag Rangárþings ytra

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra þar sem gert er ráð fyrir Búðafossvegi og nýrri brú yfir Þjórsá í samræmi við umsókn. Með samþykkt sinni á stefnu samgangna í aðalskipulagi Rangárþings Ytra 2016-2028 hefur sveitarstjórn sett fram skýra stefnu um stofnvegi og tengivegi í sveitarfélaginu, en eitt af meginmarkmiðunum eru að bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.

3. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Eftirfarandi er rökstudd afstaða sveitarstjórna Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 2. febrúar 2026, ásamt fyrri ákvörðunum frá 28. ágúst 2009 vegna efnisvinnslu og 3. apríl 2025 vegna stækkunar Búðanámu.

Fyrirspurn um matskyldu vegna framkvæmdarinnar var upphaflega send Skipulagsstofnun 28. ágúst 2009, en samkvæmt þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 var aðeins efnistaka vegna vegagerðarinnar fyrirspurnarskyld og var niðurstaða Skipulagsstofnunar á þann veg að

framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Var þá fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar úr fimm námum, Minnivallanámu, Lækjarbotnagryfju, Flagbjarnarholtseyrum, Miðhúsanámu og Búðanámu. Í fyrirspurninni var gerð grein fyrir Búðafossvegi og legu hans en þar sem vegkaflinn var utan þéttbýlis og undir 10 km á lengd var hann ekki tilkynningarskyldur til Skipulagsstofnunar og þarfnaðist ekki sérstakrar málsmeðferðar skv. lögum nr. 106/2000.

Í skýrslu Eflu um breytt fyrirkomulag framkvæmdar frá 15. júní 2022 kemur fram að einungis verði notast við efni úr frárennisskurði Hvammsvirkjunar og úr Búðanámu, en fyrirhuguð efnistaka skv. fyrirbyggjandi umsókn er útlistuð hér að framan í kafla 2.2. Vegagerðin sendi Skipulagsstofnun matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar Búðanámu þann 27. janúar 2025. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 3. apríl 2025 um að stækkunin sé ekki matsskyld og er efnistakan í samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fyrirbyggjandi heimild til efnistöku upp á 60.000 m³ eftir stækkun. Framkvæmdir við frárennisskurð Hvammsvirkjunar, og fyrirhuguð efnistaka úr Hagalóni ef á hana reynir, eru innan heimilda aðalskipulags sveitarfélaganna og hafa verið umhverfismetnar sem hluti framkvæmda vegna Hvammsvirkjunar. Umhverfismatsferli Hvammsvirkjunar lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar 2003 og endurskoðuðu umhverfismati lauk með álit Skipulagsstofnunar þann 12. mars 2018. Framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar hefur verið sérstaklega afgreitt hjá sveitarfélagunum. Klapparholtsnáman er utan beggja sveitarfélaganna, í Hrunamannahreppi, og þegar starfandi, með heimila efnistöku í dag upp á 45.000 m³ sem rúmar fyrirhugaða efnistöku vegna framkvæmdarinnar.

Í nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 varð vegurinn tilkynningarskyldur með því að stærðarviðmið vegna tilkynningarskyldu fyrir vegi utan þéttbýlis var fært niður í 5 km. Í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021 er kveðið á um að þegar framkvæmdir í flokki B og C samkvæmt eldri lögum nr. 106/2000 hafi verið tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu sé heimilt að ljúka þeirri málsmeðferð samkvæmt eldri löggjöfinni. Þar sem einungis efnistakan eins og hún var áður fyrirhuguð vegna framkvæmdarinnar, en ekki veglagningin sjálf eða efnistöku sem fellur undir stækkun Búðanámu, var tilkynnt Skipulagsstofnun á fyrri stigum falla síðarnefndu hlutar framkvæmdarinnar utan gildissviðs 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021. Fer því um meðferð málsins að því leyti samkvæmt lögum nr. 111/2021 í stað eldri laga um náttúruvernd nr. 106/2000 sem gildir þá um efnistöku úr Búðanámu innan upprunalegra efnistökuamarka. Framkvæmdaraðili endurnýjaði því matsskyldufyrirspurn sína til Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdanna þann 17. nóvember 2025.

3.1. Matsskyldufyrirspurnir Vegagerðarinnar

Sveitarfélögin hafa kynnt sér matsskyldufyrirspurnir Vegagerðarinnar frá 15. júlí 2009, 27. janúar 2025 og 17. nóvember 2025 skv. 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 111/2021. Sveitarfélögin telja þær uppfylla skilyrði laga nr. 106/2000, laga nr. 111/2021 og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1381/2021. Þar sé með viðunandi hætti lýst fyrirhugaðri framkvæmd í heild sinni, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum, hvernig hún falli að gildandi skipulagsáætlunum, umhverfisáhrifum, valkostum og mótvægisáðgerðum lýst á fullnægjandi hátt. Jafnframt sé þar gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust og þeim svarað á fullnægjandi hátt.

Sveitarfélögin hafa jafnframt kannað hvort framkvæmd skv. fyrirbyggjandi umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi frá 2. febrúar 2026 sé í samræmi við tilkynntar framkvæmdir skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 106/2000 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 111/2021 og telja sveitarfélögin svo vera.

3.2. Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Sveitarfélögin hafa kynnt sér ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 28. ágúst 2009, 3. apríl 2025 og 2. febrúar 2026, í samræmi við ákvæði 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 111/2021. Sveitarfélögin taka undir mat Skipulagsstofnunar á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda

við Búafossveg og efnistöku vegna hennar og niðurstöðu hennar um að framkvæmdirnar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Sveitarfélögin telja fyrirbyggjandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdanna í samræmi við matskyldufyrirspurnir Vegagerðarinnar og fyrirbyggjandi umsókn um framkvæmdaleyfi. Sveitarfélögin telja fyrirbyggjandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar jafnframt fullnægjandi til að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis í málinu.

3.2.1 Áhrif á landslag og ásýnd

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu frá 28. ágúst 2009 er tilgreint að framkvæmdaraðili muni stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og hún takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft og lögð verði áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema í námum. Gengið verði frá námusvæðum vegna efnistöku í framkvæmdirnar, námum lokað, gengið frá jöðrum þeirra og þær aðlagðar að aðliggjandi landi. Sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi gróðurtegundum sem henti svæðinu og skeri sig ekki úr umhverfinu. Frágangi á vegskeringum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg, þær verði vel sléttaðar og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir vegskeringa verði lagaðar að landinu í kring svo þær verði síður áberandi. Áhersla er á að til takmörkunar á neikvæðum umhverfisáhrifum verði mótvægisáðgerðum beitt, framkvæmdasvæði verði jöfnuð, grædd upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi. Er sérstaklega undirstrikað mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni komi viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafi verið við meðferð málsins.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar, í ákvörðun um matskyldu frá 3. apríl 2025, kemur fram það mat stofnunarinnar að gera megí ráð fyrir að áhrif námunnar á landslag verði meiri með stækkun hennar auk þess sem sýnileiki hennar sé líklegur til að aukast. Engu að síður telji Skipulagsstofnun að naman verði lítt áberandi eftir að vinnu úr henni ljúki að þremur árum liðnum og naman frágengin.

Í ákvörðun stofnunarinnar frá 3. apríl 2025 er aftur áréttað mikilvægi þessa til þess að tryggja að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Jafnframt er þar tilgreint sérstaklega að Skipulagsstofnun telji brýnt að í framkvæmdaleyfi verði efnistakan áfangaskipt þannig að sem minnstur hluti efnistökusvæðisins verði opinn hverju sinni ásamt því að kveðið verði á um frágang þannig að ummerki verði í algjöru lágmarki.

Í niðurstöðum Skipulagsstofnunar í ákvörðun um matskyldu frá 2. febrúar 2026 kemur m.a. fram að gengið verði frá vegsvæðum með þeim hætti að þau falli vel að landinu. Um sé að ræða varanleg mannvirki en vegurinn og brúin muni ekki rísa hátt í landi og verði því ekki áberandi í landslaginu. Umfang áhrifa sé því ekki talið mikið. Er því nánar lýst að áhrif á landslag felist í lagningu uppbyggðs vegar í grónu landi og opnun svæðis sem sé fáfarið. Framkvæmdasvæðið sé að hluta til óraskað mólendi en vegslóðar, háspennulínur og ræktarlönd séu víða á framkvæmdasvæðinu því hafi framkvæmdin ekki í för með sér að stór óröskuð svæði verði hlutuð niður. Er þar einnig vísað til þess að samlegðaráhrif Búðafossvegar með Hvammsvirkjun felist í því að efni sem annars þyrfti að haugsetja vegna Hvammsvirkjunar muni nýtast til að uppfylla nærri tvo þriðjungshluta af efnisþörf Búðafossvegar. Það efni þyrfti annars að sækja í námur. Umhverfismatsferli virkjunarinnar hafi þegar farið fram. Jafnframt er þar tekið mið af samlegð umhverfisáhrifa með Búðanámu sem eingöngu sé ráðist í vegna Búðafossvegar, og þá einkum vegna ásýndar, rasks á gróðri og neikvæðra áhrifa á fuglalíf. Þá er í ákvörðun stofnunarinnar í þessu tilliti litið til samlegðaráhrifa með stækkun grjótnámu í Syðra-Langholti á um 2,4 ha svæði sem að sama skapi tengist lagningu Búðafossvegar og horft til sömu umhverfisþátta og í tilfalli Búðanámu. Í báðum tilfellum liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um að þær framkvæmdir skuli ekki sæta umhverfismati. Að mati stofnunarinnar kann neikvæðra samlegðaráhrifa að gæta með Búðafossvegi og Búðanámu á þá umhverfisþætti sem getið er um hér að framan.

Afstaða sveitarfélaganna

Sveitarfélögin taka undir framangreint mat Skipulagsstofnunar á áhrifum á landslagi og ásýnd vegna framkvæmdanna og telja umfang áhrifa ekki mikið. Sveitarfélögin leggja áherslu á að við framkvæmdina verði viðhöfð sú verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafi verið við meðferð málsins og sett eru fram í greinargerð þessari og öðrum fyrirbyggjandi leyfum. Sveitarfélögin meta það til mildunar samlegðaráhrifa með framkvæmdum við Hvammsvirkjun að unnt verði að nýta efni úr frárennisskurði virkjunarinnar í veglagninguna upp að því marki sem slíkt er fyrirhugað, og með því dregið úr umfangi námuvinnslu á öðrum svæðum miðað við upprunalega sviðsmynd framkvæmdanna.

3.2.2. Áhrif á jarðmyndanir

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu frá 3. apríl 2025 kemur fram að neikvæðustu áhrifin af framkvæmdinni felist í varanlegum óafturkræfum áhrifum á jarðmyndanir og er þar sérstaklega vísað til þess að framkvæmdin muni raska hrauni sem njóti sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Kemur þar einnig fram að forðast beri röskun hraunsins nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með vísan til umsagna Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar var það mat Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun á námunni gæti dregið frekar úr verndargildi hraunsins miðað við fyrri áform, en náman verði lítt áberandi eftir frágang hennar að vinnu lokinni. Skipulagsstofnun telur stækkunina ekki koma til með að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Stofnunin tekur þó undir með Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun um að æskilegt væri að finna aðrar leiðir til að afla efnis fyrir Búðafossveg.

Í ákvörðun sinni frá 28. ágúst 2009 ítrekar Skipulagsstofnun mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni komi viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafi verið við meðferð málsins. Í ákvörðun stofnunarinnar frá 3. apríl 2025 er aftur áréttað mikilvægi þessa til þess að tryggja að framkvæmdin verði ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Jafnframt er þar tilgreint sérstaklega að Skipulagsstofnun telji brýnt að í framkvæmdaleyfi verði efnistakan áfangaskipt þannig að sem minnstur hluti efnistökusvæðisins verði opinn hverju sinni ásamt því að kveðið verði á um frágang þannig að ummerki verði í algjöru lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki umfram það sem lagt sé upp með.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu Búðafossvegar frá 2. febrúar 2026 kemur fram að stofnunin telji bein neikvæð áhrif framkvæmdanna felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag og gróður. Kemur þar einnig fram að á framkvæmdasvæðinu sé Þjórsárhraunið mikla sem hafi runnið fyrir meira en 8.000 árum, en með vísan til skilgreiningar í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga um náttúruvernd glatað verndargildi sínu þar sem það sé að langmestu leyti hulið þykkum jarðvegi á svæðinu auk þess sem fjöldi mannvirkja á svæðinu séu staðsett á Þjórsárhrauni sem hafi einnig glatað verndargildi sínu af þeim sökum og telur fyrirhugaða framkvæmd ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Afstaða sveitarfélaganna

Á áhrifasvæði framkvæmdanna er Þjórsárhraun sem talið er um 8.700 ára gamalt og rann skömmu eftir að ísöld lauk. Fellur hraunið því undir skilgreiningu ákvæðisins um eldhraun. Hraunið er eitt stærsta þekktu hraun landsins og er undir stórum svæðum meðfram farvegi Þjórsár. Hraunið er hvað mest raskað hraun af íslenskum nútímahraunum og er víða vel gróið og hulið jarðvegi. Þannig háttar einmitt til á áhrifasvæði Búðafossvegar.

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber að forðast röskun á vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna nema að brýna nauðsyn beri til. Í 4. mgr. 61. gr. sömu laga kemur fram að við mat á leyfisumsókn skuli líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laganna og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Í a-lið 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram að eldvörp, eldhraun, gervigígar og

hraunhellar sem hafi myndast eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, njóti sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. laganna þar sem fram koma verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

Í athugasemdum við frumvarp til náttúruverndarlaga kemur fram að þau náttúrufyrirbæri sem falla undir a-lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga séu frábrugðin flestum öðrum gerðum jarðlaga að því leyti að þau eru nýmyndaður berggrunnur með upprunalegt yfirborð. Yfirborðið sé afar viðkvæmt fyrir raski og að allt rask sé óafturkræft. Þá kemur fram í athugasemdunum að verndargildi hrauna lækki við rask og veðrun og þekking á myndun hraunanna auki mikilvægi þeirra og því hafi eldvörp, gervígigar og eldhraun mynduð á sögulegum tíma alla jafna meira verndargildi en eldri myndanir. Einnig segir í athugasemdunum að eldhraun sem sé að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og því ekki lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hafi að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða hraunvistargerðar og njóti það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt fyrrgreindu ákvæði. Ákvæðið útiloki þó ekki að aðrir eiginleikar, s.s. jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Sveitarfélögin taka undir með Skipulagsstofnun um að með vísan til skilgreiningar í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga um náttúruvernd hafi hraunið á áhrifasvæði framkvæmdanna glatað verndargildi sínu þar sem það sé að langmestu leyti hulið þykkum jarðvegi á svæðinu auk þess sem fjöldi mannvirkja á svæðinu sé staðsett á Þjórsárhrauni. Ekki er um að ræða nýmyndaðan berggrunn með upprunalegt yfirborð en samkvæmt lögskýringargögnum er markmið framangreindra ákvæða náttúruverndarlaga að vernda náttúrufyrirbæri sem eru frábrugðin flestum öðrum gerðum jarðlaga auk þess sem þau einkennast oft af sérstæðu gróðurfari og dýralífi. Að mati sveitarfélaganna hefur því Þjórsárhraunið á framkvæmdasvæðinu skv. framkvæmdaleyfisumsókninni, tapað þeim einkennum sem myndu annars mynda verndargildi þess, m.t.t. þess sem fram kemur í lögskýringargögnum um mat á verndargildi.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að valkostagreining hafi þegar farið fram þar sem margar veglínur og mismunandi brúarstæði hafi verið skoðuð, jarðvegsaðstæður skoðaðar og eftir fremsta megni reynt að forðast að leggja veginn yfir jarðminjar. Í matsskyldufyrirspurn 17. nóvember 2025 kemur einnig fram að samkvæmt jarðkönnun sem gerð hafi verið á fyrirhuguðu vegstæði sé jarðvegur almennt um nokkurra metra þykkur ofan á hrauninu og vegagerð muni ekki hafa sýnileg áhrif á Þjórsárhraun. Jafnframt kemur fram í matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar frá 27. janúar 2025 að framkvæmdaraðili telji ljóst að ef sækja þurfi efnið sem fyrirhugað er að sækja í Búðanámu vegna framkvæmdarinnar þá verði þörf á lengri flutningi efnis og gera megi ráð fyrir að efni yrði sótt úr frárennisskurði Hvammsvirkjunar ef ekki verði hægt að fá nægt efni úr Búðanámu, sem sé óhagkvæmari og óumhverfisvænni valkostur að mati framkvæmdaraðila.

Sveitarfélögin telja að í fyrirbyggjandi gögnum sé næg grein gerð fyrir rökstuðningi fyrir því hvers vegna framkvæmdirnar eins og þær eru lagðar fyrir séu valdar umfram aðra valkosti. Sveitarfélögin telja liggja fyrir að ekki sé unnt að ná tilgangi framkvæmdarinnar með umhverfisvænni valkostum þegar litið er til heildaráhrifa.

Sveitarfélögin eru sammála Skipulagsstofnun um að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa veruleg áhrif á jarðmyndanir. Ekki er hægt að forðast með öllu röskun á Þjórsárhrauni vegna framkvæmdarinnar en áhrif á hraunið í heild eru þó óveruleg og hafa jafnframt óveruleg áhrif á mikilvægi og sérstöðu hraunsins í innlendu og erlendu samhengi.

Þrátt fyrir framangreint telja sveitarfélögin mikilvægt að röskun á framkvæmdasvæðinu verði ekki umfram það sem brýna nauðsyn ber til og á það jafnt við um Þjórsárhraun, gróður og lífríki. Útgefið framkvæmdaleyfi verði því bundið skilyrðum og mótvægisáðgerðum sem sett eru fram í greinargerð þessari, öðrum fyrirbyggjandi leyfum og boðuð hafa verið af framkvæmdaðila.

Sveitarfélögin telja brýna nauðsyn bera til framkvæmdanna vegna mikilvægra almannahagsmuna með vísan til þess að áriðandi sé að tryggðar séu greiðar og öruggar samgöngur á þessu svæði og á milli sveitarfélaganna, sem er grundvallarmarkmið framkvæmdarinnar, til samræmis við skipulagsáætlanir sveitarfélaganna.

Byggt á framangreindu telja sveitarfélögin að röskun á Þjórsárhrauni sé réttlæt看leg m.a. þar sem það hafi tapað verndargildi sínu, sbr. greinargerð með frumvarpi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, og einnig með vísan til ríkra almannahagsmuna vegna greiðra og öruggra samgangna á svæðinu.

3.2.3 Áhrif á gróður

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu frá 28. ágúst 2009 er tilgreint að framkvæmdaraðili muni stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og hún takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft og lögð verði áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema í nánum. Gengið verði frá námusvæðum vegna efnistöku í framkvæmdirnar, nánum lokað, gengið frá jöðrum þeirra og þær aðlagðar að aðliggjandi landi. Við votlendissvæði verði sett ræsi undir veginn svo vatnsstreymi verði sem best og þar með dregið úr áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsbúskap. Sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi gróðurtegundum sem henti svæðinu og skeri sig ekki úr umhverfinu. Frágangi á vegskeringum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg, þær verði vel sléttaðar og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Áhersla er á að til takmörkunar á neikvæðum umhverfisáhrifum verði mótvægisáðgerðum beitt, framkvæmdasvæði verði jöfnuð, grædd upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi. Í ákvörðuninni er sérstaklega undirstrikað mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni komi viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafi verið við meðferð málsins.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu vegna stækkunar Búðanámu frá 3. apríl 2025 er vísað til þess að vistgerðir á svæðinu teljist algengar og útbreiddar hér á landi en verndargildi víðikjarrvistar sé metið hátt og vistgerðin sé á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Í ljósi takmarkaðs umfangs og útbreiðslu viðkomandi vistgerða og fuglalífs á svæðinu telur Skipulagsstofnun áhrifin á þessa umhverfisþætti verða óveruleg ef verktilhögun verður með þeim hætti sem boðað hefur verið og telur stækkunina jafnframt ekki koma til með að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu frá 2. febrúar 2026 er rakið að í fyrirliggjandi gögnum komi fram að framkvæmdirnar séu að hluta til í votlendi sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Skipulagsstofnun leggur áherslu á í ákvörðun sinni um matskyldu framkvæmdanna frá 2. febrúar 2026 að votlendissvæðum verði hlíft við raski eins og frekast er unnt og Vegagerðin þurfi m.a. að skilgreina öryggissvæði eins þröngt og kostur er, leggja áherslu á að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðis, halda öllu raski á öðru gróðurlendi í lágmarki og tryggja frágang í samræmi við fyrirliggjandi verklagsreglur Vegagerðarinnar sem komi fram í greinargerð framkvæmdaraðila. Jafnframt hvetur Skipulagsstofnun Vegagerðina til að endurheimta votlendi í stað þess sem þarf að raska við lagningu vegarins sem komið hafi fram að sé til athugunar. Jafnframt kemur þar fram að Skipulagsstofnun taki mið af samlegð umhverfisáhrifa með Búðanámu sem eingöngu sé ráðist í vegna Búðafossvegar, einkum vegna ásýndar, rasks á gróðri og neikvæðra áhrifa á fuglalíf, en þar sé efnistaka fyrirhuguð á um 4,5 ha svæði. Það sama eigi við um stækkun grjótnámu í Syðra-Langholti á um 2,4 ha svæði í tengslum við lagningu vegarins. Í niðurstöðum stofnunarinnar er lögð áhersla á að bein neikvæð áhrif framkvæmdanna felist fyrst og fremst í áhrifum á landslag og gróður, þar með talið votlendi, og mikilvægi þess að Vegagerðin leiti allra leiða til að lágmarka áhrif á votlendi og endurheimta svæði í stað þess sem ekki er unnt að sneiða hjá.

Afstaða sveitarfélaganna

Sveitarfélögin taka undir sjónarmið Skipulagsstofnunar um varðveislu votlendis og mótvægisáðgerða í því tilliti og þá sér í lagi um nauðsyn aðgerða vegna endurheimt votlendis. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram yfirlitsmynd kortlagningar á gróðurfari í veglínu Búðafossvegar sunnan Þjórsár þar sem fram

kemur að 0,76 ha votlendis verða fyrir beinu raski vegna lagningar Búðafossvegur og munu þessar upplýsingar nýtast við endurheimt votlendis af hálfu framkvæmdaraðila. Jafnframt er vísað til þess sem fram kemur í svörum Vegagerðarinnar þess efnis að valkostagreining hafi þegar farið fram þar sem margar veglínur og mismunandi brúarstæði hafi verið skoðuð. Jarðvegsaðstæður hafi verið skoðaðar og eftir fremsta megni reynt að forðast að leggja veginn yfir votlendi. Sveitarfélögin taka undir framangreint mat Skipulagsstofnunar á þessum þáttum og áréttu í þessu tilliti þau jákvæðu áhrif á samgöngur og umferðaröryggi sem framkvæmdin mun hafa í för með sér.

Sveitarfélögin telja brýna nauðsyn bera til framkvæmdanna vegna mikilvægra almannahagsmuna með vísan til þess að afar áriðandi sé að tryggðar séu greiðar og öruggar samgöngur á þessu svæði og á milli sveitarfélaganna, sem er grundvallarmarkmið framkvæmdarinnar.

Byggt á framangreindu telja sveitarfélögin að röskun á votlendinu sé réttlætanleg með vísan til ríkra almannahagsmuna vegna greiðra og örugga samgangna á svæðinu. Aftur á móti telja sveitarfélögin mikilvægt að röskun á framkvæmdasvæðinu verði ekki umfram það sem brýna nauðsyn ber til. Sveitarfélögin leggja áherslu á að útgefið framkvæmdaleyfi verði bundið þeim skilyrðum og mótvægisáðgerðum sem sett eru fram í greinargerð þessari og öðrum fyrirbyggjandi leyfum að þessu leyti.

3.2.4 Áhrif á fuglalíf

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu frá 3. apríl 2025 er vísað til þess að fuglategundir á svæðinu teljist algengar og útbreiddar hér á landi. Í ljósi takmarkaðs umfangs og útbreiðslu fuglalífs á svæðinu telur Skipulagsstofnun áhrifin á þessa umhverfisþætti verða óveruleg ef verktilhögun verður með þeim hætti sem boðað hefur verið og telur stækkunina jafnframt ekki koma til með að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2. febrúar 2026 kemur fram að til staðbundinna neikvæðra áhrifa á fugla geti komið vegna framkvæmdanna auk þess sem einhverjar tegundir mófugla muni missa búsvæði sín. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan svæðis sem sé skilgreint sem mikilvægt og mjög víðáttumikið fuglasvæði sem ná til alls Suðurlandsundirlendisins, en fyrirhugað framkvæmdasvæði sé mjög lítill hluti þessa umfangsmikla svæðis. Jafnframt kemur þar fram að Skipulagsstofnun taki mið af samlegð umhverfisáhrifa með Búðanámu sem eingöngu sé ráðist í vegna Búðafossvegur, einkum vegna ásýnar, rasks á gróðri og neikvæðra áhrifa á fuglalíf, en þar sé efnistaka fyrirhuguð á um 4,5 ha svæði. Það sama eigi við um stækkun grjótnámu í Syðra-Langholti á um 2,4 ha svæði í tengslum við lagningu vegarins. Stofnunin telur þó bein neikvæð áhrif framkvæmdanna felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag og gróður og telur jafnframt framkvæmdina ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Afstaða sveitarfélaganna

Sveitarfélögin taka undir framangreint mat Skipulagsstofnunar á þessum atriðum sbr. og umfjöllun um athugasemdir Náttúrverndarstofnunar og vísa til skilyrða og mótvægisáðgerða sem sett eru fram í greinargerð þessari og öðrum fyrirbyggjandi leyfum og verktilhögun verði með þeim hætti sem boðað hefur verið og frágangur verði í samræmi við fyrirbyggjandi verklagsreglur Vegagerðarinnar sem komi fram í greinargerð framkvæmdaraðila.

3.2.5 Áhrif á vatnshlot

Í matsákvörðun Skipulagsstofnunar frá 28. ágúst 2009 er vísað til þess sem fram kom í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um að stofnunin telji framkvæmdirnar háðar mati á umhverfisáhrifum þar sem ekki sé gerð grein fyrir áhrifum á grunnvatn og vatnsból í tilkynningu Vegagerðarinnar um framkvæmdina. Í matsákvörðuninni er einnig rakið að í svörum framkvæmdaraðila komi fram að engin vatnsból sé staðsett nálægt framkvæmdasvæðinu, hvorki vegstæði né efnistökusvæðum. Vatnsból jarðarinnar Vindáss í Rangárþingi Ytra sé næst framkvæmdasvæði, en yfir 600 metra fjarlægð sé frá því

að vegstæði Búðafossvegur. Framkvæmdir vegna Búðafossvegur séu ekki taldar hafa áhrif á grunnvatnsstreymi vatnsbóla á svæðinu.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 2. febrúar 2026 er það rakið að í greinargerð framkvæmdaraðila komi fram Hafrannsóknarstofnun hafi unnið áhrifamat vatnshlota í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 þar sem fjallað hafi verið um áhrif á straumvatnshlot. Vega- og brúargerðin muni hafa bein áhrif á srtraumvatnshlotið Þjórsá 1 (nr. 103-663-R) og gæti haft óbein áhrif á straumvatnshlotin Minnivallalæk (103-760-R), Þverá (103-895-R), Sandá (103-907-R), Fossá 1 (103842-R) og Fossá 2 (103-842-R) sem renni í Þjórsá ofan við brúarstæðið vegna mögulegrar tálmunar fyrir göngufiska. Engin verndarsvæði sem byggja á tilvist vatns séu á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Brúin muni hafa áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti og líffræðilega gæðapáttinn fiska. Brúarframkvæmdin muni hafa áhrif á rennslishraða um brúarstæði á framkvæmdartíma og eftir að framkvæmdum ljúki. Fyrirsjáanlegt sé að rofmáttur árinna aukist í brúarstæðinu en minnki líklega hlémegin við nyrðri enda brúarinnar og búast megi við auknu gruggi neðan brúarstæðisins á framkvæmdatíma. Göngufiskur sé viðkvæmur fyrir auknum rennslishraða sem geti tafið fiskgöngur og tekið jafnvel fyrir þær. Tímabundnir varnargarðar muni ekki hafa varanleg neikvæð áhrif á fiskgengd í Þjórsá. Vega- og brúargerðin gæti haft óbein áhrif á fisk í Minnivallalæk, Þverá, Sandá og Fossá sem renna í Þjórsá ofan við fyrirhugaða brú og þá helst ef rennslishraði undir brúnni reyndist meiri en líkanreikningar geri ráð fyrir og meiri en það sem skilgreint hafi verið sem hámarksrennslishraði fyrir göngu laxfiska. Fossá 1 sé nú þegar undir beinum áhrifum af útfalli Búrfellsvirkjunar sem í hana renni og verði framkvæmdir við Hvammsvirkjun að veruleika verði vatnshlotin Þverá og Sandá 1 undir beinum áhrifum af þeirri framkvæmd.

Í niðurstöðum ákvörðunarinnar er því mati stofnunarinnar lýst að helst megi búast við neikvæðri samlegð með fyrirhugaðri Hvammsvirkjun vegna áhrifa á Þjórsá en í kjölfar ábendinga Hafrannsóknastofnunar á fyrri stigum hafi verið ákveðið að draga úr áhrifum framkvæmdanna á straumhraða árinna með því að reisa lengri brú en í fyrstu var ráðgert. Skipulagsstofnun telur að með því hafi verið dregið verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á lífríki árinna. Skipulagsstofnun tekur jafnframt undir með Hafrannsóknastofnunar um það mat að ólíklegt sé að framkvæmdir við vega- og brúargerð muni valda breytingum á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1 eða þveráa hennar ofan brúarstæðis með tilliti til laga um stjórn vatnamála. Búast megi við að fyrirhugaður nýr vegur yfir Þjórsá muni, einkum þegar fram líða stundir, hafa jákvæð áhrif á samfélag beggja vegna árinna.

Afstaða sveitarfélaganna

Sveitarfélögin taka undir mat Skipulagsstofnunar á framangreindum þáttum. Sveitarfélögin telja framkvæmdirnar ekki hafa áhrif á grunnvatnsstreymi vatnsbóla á svæðinu. Telja þau jafnframt verulega hafa verið dregið úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á lífríki Þjórsár með lengingu brúarinnar, sbr. einnig umfjöllun þar um í kafla 1 hér að framan. Jafnframt taka sveitarfélögin undir að ólíklegt sé að framkvæmdirnar muni valda breytingum á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1 eða þveráa hennar ofan brúarstæðis með tilliti til laga um stjórn vatnamála. Til að mæta umhverfisáhrifum telja sveitarfélögin þó að aðlaga þurfi mótvægisáðgerðir á framkvæmdatíma með tilliti til lífríkja Þjórsár og þverár auk vöktunar- og neyðaráætlana þar sem fram þarf að koma hvaða aðferðum verði beitt og við hvaða aðstæður. Setja sveitarfélögin það sem skilyrði fyrir veitingu framkvæmdaleyfis að vinna við gerð þessara áætlana verði unnin í samráði við Veiðifélag Þjórsár.

3.2.6 Áhrif á menningarminjar

Í niðurstöðum ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 28. ágúst 2009 var undirstrikað að brýnt væri að ekki yrði veitt leyti fyrir framkvæmdunum fyrr en vettvangsskoðun fornleifafræðings hefði farið fram og staðfesting Fornleifaverndar á því að tekið hefði verið tillit til niðurstöðu hennar. Gengi það eftir taldi Skipulagsstofnun ekki líklegt að framkvæmdirnar hefðu umtalsverð neikvæð áhrif

á menningarminjar. Fyrirliggjandi eru fornleifaskráningar vegna framkvæmdarinnar sem voru unnar af Fornleifastofnun Íslands árin 2022, 2023 og 2024 í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í kjölfar skráningarinnar árið 2022 setti Minjastofnun Íslands fram kröfur um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa á áhrifasvæði framkvæmdarinnar sem fólust í gerð könnunarskurða og fullnaðargreftri á tóft. Þegar skráningarskýrsla lá fyrir gerði Minjastofnun kröfu um fornleifarannsóknir sem hefur verið uppfyllt og skýrslu skilað til Minjastofnunar þar að lútandi. Fyrir liggur staðfesting frá Minjastofnun Íslands frá 7. október 2025 á því að komið hafi verið til móts við kröfur stofnunarinnar vegna framkvæmdarinnar. Í matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2. febrúar 2026 kemur fram því til samræmis að búið sé að ráðast í nauðsynlegar rannsóknir á fornminjum í samræmi við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands sem hafi staðfest að um fullnægjandi mótvægisáðgerðir hafi verið að ræða vegna fornleifa.

Afstaða sveitarfélaganna

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna hafa farið yfir athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins, en eins og fram kemur í fylgigögnum umsóknarinnar, þá hafa fornleifarannsóknir farið fram og Minjastofnun Íslands staðfest að komið hafi verið til móts við kröfur Minjastofnunar Íslands um mótvægisáðgerðir.

4. Umsögn Náttúruverndarstofnunar

Í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga og 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga hefur verið leitað umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna framkvæmdaleyfisumsóknar Vegagerðarinnar af hálfu beggja sveitarfélaga. Jafnframt liggja fyrir svör Vegagerðarinnar vegna umsagnar Náttúruverndarstofnunar frá 10. mars 2026, en umsagnir Náttúruverndarstofnunar vegna framkvæmda í báðum sveitarfélögum eru samhljóða. Í umsögnum Náttúruverndarstofnunar, dags. 27. febrúar 2026 og 12. mars 2026, er vísað sérstaklega til þeirrar umsagnar sem stofnunin sendi Skipulagsstofnun þann 19. desember 2025 og áréttað mikilvægi þess að horft sé til hennar við afgreiðslu málsins. Hvað umsögnina frá 19. desember 2025 varðar er sérstaklega vísað til þeirrar umfjöllunar hér að framan sem varða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu þar sem horft var til sjónarmiða þeirrar umsagnar.

Auk þessa fjallar Náttúruverndarstofnun sérstaklega um líffræðilega fjölbreytni – stefnu og markmið til ársins 2030, sérstaka vernd, áhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir ásamt fuglalífi.

Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030

Umfjöllun Náttúruverndarstofnunar:

Náttúruverndarstofnun bendir á að í lok árs 2025 gaf ráðherra út stefnumótandi skjal um líffræðilega fjölbreytni, Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030. Í stefnunni er lögð áhersla á að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, vernda vistkerfi og tryggja endurheimt þeirra, auk þess sem kveðið er á um mikilvægi þess að samþætta vernd líffræðilegrar fjölbreytni í alla stefnumótun og áætlanagerð, þar á meðal skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að markmið og áherslur stefnunnar séu höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana, einkum hvað varðar landnotkun, vernd vistkerfa og forgangsröðun aðgerða sem stuðla að sjálfbærri þróun og langtíma-vernd náttúrugæða.

Svör framkvæmdaraðila:

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúruverndarstofnunar, dags. 10. mars 2026, er bent á að Búðafossvegur hafi verið á skipulagi síðan 2016/2017, töluvert áður en stefna um líffræðilega fjölbreytni var gefin út. Leitast hafi verið við að lágmarka áhrif á votlendi, t.d. með því að hafa ekki skurði meðfram vegi og með því að staðsetja ræsi undir veginum þar sem náttúrulegt afrennsli er í landi. Flóðahermun hafi verið gerð á svæðinu sunnan Þjórsár og fyrirhugað að nákvæmari hermun verði gerð. Niðurstöður þeirrar hermunar verða notaðar til þess að staðsetja ræsi sem nákvæmast þannig að vegurinn hafi sem minnst áhrif á vatnsbúskap votlendisins. Árið 2009 hafi votlendi verið kortlagt á fyrirhugaðri veglínu og henni í kjölfarið hliðrað til með það að markmiði að lágmarka áhrif á

votlendi og framkvæmdaraðili hyggist endurheimta það votlendi sem raskast. Í febrúar 2026 hafi votlendi á fyrirhugaðri veglínunni verið kortlagt út frá loftmyndum (framkvæmd af landfræðingi og fv. starfsmanni NÍ). Samkvæmt kortlagningunni muni um 0,76 ha votlendis (starungsmýravist) raskast vegna Búðafossvegur.

Afstaða sveitarfélaga:

Sveitarfélögin eru sammála því að mikilvægt sé að markmið og áherslur stefnunnar séu höfð að leiðarljósi við gerðs skipulagsáætlana með framangreindum hætti, en bendir jafnframt á að eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila þá hefur Búðafossvegur verið á skipulagi um þó nokkurra ára skeið og frá því fyrir útgáfu tilvísáðrar stefnu.

Sérstök vernd

Umfjöllun Náttúruverndarstofnunar:

Í umsögn sinni bendir Náttúruverndarstofnun á að skv. fyrirbyggjandi gögnum verði votlendi raskað vegna framkvæmdarinnar, sem njóti verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stofnunin vekur athygli á því að greining framkvæmdaraðila byggji ekki á nýrri, sjálfstæðri vettvangskortlagningu sem unnin hafi verið sérstaklega vegna núverandi leyfisumsóknar. Miðað við fyrirbyggjandi gögn muni framkvæmdin hafa talsvert neikvæð áhrif á votlendi sem njóti sérstakrar verndar. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við afgreiðslu framkvæmdaleyfisins verði sérstaklega fjallað um hraunið og að skýrt komi fram með hvaða hætti fyrirhugað er að forðast röskun þess, í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga. Jafnframt þurfi að gera grein fyrir þeim valkostum sem skoðaðir hafa verið við útfærslu framkvæmdarinnar og rökstyðja sérstaklega hvers vegna ekki sé unnt að komast hjá röskun ásamt því að leggja fram haldbæran rökstuðning fyrir því að hagsmunirnir af framkvæmdinni séu bæði brýnir og vegi þyngra en þau náttúruverðmæti sem í húfi séu.

Svör framkvæmdaraðila:

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að alls hafi sjö veglínur verið teknar til skoðunar og við greiningu á þeim hafi verið horft heildstætt á þau áhrif sem vegurinn kunni að hafa og leitast við að lágmarka áhrif á votlendi og jarðmyndanir sem og landnotkun, vatnshlot og fornleifar.

Afstaða sveitarfélaga:

Sveitarfélögin vísa um sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 til umfjöllunar í kafla 3.2.2 og 3.2.3 um jarðmyndanir og gróður á sem verði fyrir áhrifum framkvæmdanna þar sem fram kemur m.a. að sveitarfélögin telja að röskun á umræddum vistgerðum sé réttlætanleg með vísan til ríkra almannahagsmuna vegna greiðra og öruggra samgangna á svæðinu. Áréttað er það sem áður hefur komið fram um mikilvægi varðveislu votlendis vegna framkvæmdanna og mótvægisáðgerða í því tilliti og þá sér í lagi um nauðsyn áðgerða vegna endurheimt votlendis.

Gróður og vistgerðir

Umfjöllun Náttúruverndarstofnunar:

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin muni skv. fyrirbyggjandi gögnum raska vistgerðum sem hafi hátt og mjög hátt verndargildi og njóti verndar samkvæmt Bernarsamningnum. Beint rask vegna vegstæðis og tengdra mannvirkja sé áætlað um 5,9 ha lands. Framkvæmdaraðili byggji mat sitt einkum á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar og hyggist láta kortleggja votlendi og vistgerðir nánar út frá loftmyndum. Náttúruverndarstofnun telur að áhrif á vistgerðir og gróður verði nokkuð neikvæð. Náttúruverndarstofnun leggur til að eftirfarandi liggi fyrir við afgreiðslu framkvæmdaleyfis:

- Vettvangsrannsókn þar sem vistgerðir eru kortlagðar innan áhrifasvæðis framkvæmdar

- Skýr afmörkun þeirra vistgerða sem raskast, sundurliðað eftir verndargildi þeirra
- Útfærð áætlun um mótvægisáðgerðir og endurheimt sambærilegra vistgerða
- Áætlun um langtímaþöktun

Svör framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili hefur, eins og áður greinir, lagt fram yfirlitsmynd kortlagningar á gróðurfari í veglínu Búðafossvegar sunnan Þjórsár þar sem fram kemur að 0,76 ha votlendis verða fyrir beinu raski vegna lagningar Búðafossvegar og munu þessar upplýsingar nýtast við endurheimt votlendis af hálfu framkvæmdaraðila. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við kortlagninguna var notast við loftmyndir ásamt fyrirbyggjandi gróðurkortlagningu, en hluti svæðisins, næst bökkum Þjórsár hefur verið kortlagður eftir ríkjandi og einkennandi tegundum plantna. Votlendi megi auðveldlega greina með loftmyndum og styðji gróðurkortlagningin vel við þá vinnu. Því telur framkvæmdaraðili þessa kortlagningu ekki muna breytast þó gerð verði vettvangsrannsókn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að starungsmýrarvist sé sú votlendisvistgerð sem muni raskast við lagningu vegarins samkvæmt kortlagningunni sem hafi mjög hátt verndargildi en sé ein algengasta votlendisvistgerðin á Íslandi. Talið sé ólíklegt að aðrar votlendisvistgerðir finnist í fyrirhuguðu vegstæði við vettvangsrannsókn. Framkvæmdaraðili muni endurheimta það votlendi sem raskist. Vinna við nýtt verklag um endurheimt votlendis sé yfirstandandi innan Vegagerðarinnar og leidd af deild umhverfis og sjálfbærni, sem beri ábyrgð á mótun og innleiðingu verklagsins. Skipaður hafi verið verkefnisstjóri fyrir þessa vinnu sem vinni að endurheimt votlendis í Gufudalssveit og byggji verklagið á þeirri reynslu. Starf Vegagerðarinnar við endurheimt votlendis hafi verið fremur verkefnamiðað, en markmið þessarar vinnu sé að innleiða nýja nálgun sem byggji á að taka rask votlendis og endurheimt með kerfisbundnum hætti inn í hönnun, framkvæmdarfasa og eftirfylgni framkvæmda. Þessi vinna muni m.a. gefa betri yfirsýn yfir rask votlendis, forgangsröðun svæða og innleiðingu vöktunar. Fyrir liggja jafnframt ósk um samráð við Land og skóg sem muni gegna ráðgefandi hlutverki við mótun verklagsins og næstu skref, en stýring og ábyrgð liggja hjá Vegagerðinni sjálfri.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur m.a. einnig fram að aðrar vistgerðir, sem talið er að muni raskast vegna lagningar vegarins og hafi hátt verndargildi, séu víðikjarrvist og grasmóavist sem séu báðar algengar um land allt og allútbreiddar eða útbreiddar. Umfang rasksvæðis þeirra sé ekki með þeim hætti að talin sé sérstök þörf á endurheimt og bent á að landið sé skilgreint sem landbúnaðarland í skipulagi.

Afstaða sveitarfélaga:

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta votlendi, svo sem hallarmýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. laganna þar sem fram koma verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Framkvæmdasvæðið nær skv. fyrirbyggjandi gögnum til votlendis sem fellur undir gildissvið ákvæðisins.

Sveitarfélögin taka undir framangreind sjónarmið Náttúruverndarstofnunar hvað gróður og vistgerðir varðar og áréttu það sem áður hefur komið fram um mikilvægi varðveislu votlendis vegna framkvæmdanna og mótvægisáðgerða í því tilliti. Þá sér í lagi um nauðsyn aðgerða vegna endurheimt votlendis. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga telja sveitarfélögin ekki nauðsynlegt að frekari vettvangsrannsókn liggja fyrir við útgáfu leyfisins og telja þannig unnt að byggja á fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum um kortlagningu Vegagerðarinnar skv. framangreindu. Komi viðbótarupplýsingar í ljós á framkvæmdatíma sem þýðingu hafa um þessi atriði, ber framkvæmdaraðila að tilkynna sveitarfélögunum það og skal þá skoðað sérstaklega hvort bregðast þurfi við slíkum upplýsingum með breytingum eða mótvægisáðgerðum.

Byggt á framangreindu telja sveitarfélögin að röskun á votlendinu sé réttlæt看leg með vísan til ríkra almannahagsmuna vegna greiðra og öruggra samgangna á svæðinu. Aftur á móti telja sveitarfélögin mikilvægt að röskun á framkvæmdasvæðinu verði ekki umfram það sem brýna nauðsyn ber til. Sveitarfélögin leggja áherslu á að útgefið framkvæmdaleyfi verði bundið þeim skilyrðum og mótvægisáðgerðum sem sett eru fram í greinargerð þessari og öðrum fyrirbyggjandi leyfum.

Fuglalíf

Umfjöllun Náttúruverndarstofnunar:

Í umsögn sinni bendir Náttúruverndarstofnun á að innan framkvæmdasvæðisins sé mikilvægt fuglasvæði (Suðurlandsundirlendi). Á svæðinu verpi fjölmargar mófuglategundir og nokkrar þeirra séu ábyrgðartegundir Íslands með alþjóðlegri verndarskyldu gagnvart þeim. Heiðlóa og lóupræll séu jafnframt forgangstegundir samkvæmt Bernarsamningnum. Stofnunin telur áhrif á fuglalíf vanmetin í matsskyldufyrirspurn þar sem ekki sé fjallað um jaðaráhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf og bendir á að íslenskar rannsóknir sýni að áhrif vega takmarkist ekki við beint vegstæði heldur nái til víðara svæðis (jaðaráhrifa) og sé líkleg til að vera meiri en sem nemi beinu búsvæðatapi. Náttúruverndarstofnun telur við afgreiðslu framkvæmdarleyfis þurfa að liggja skýrt fyrir mat á umfangi jaðaráhrifa á búsvæði fugla, sérstakt mat á áhrifum á ábyrgðartegundir Íslands, skýr skilyrði um framkvæmdatíma með hliðsjón af varptíma, mótvægisáðgerðir til að lágmarka búsvæðatap og truflun ásamt áætlun um vöktun fyrir, á meðan og eftir framkvæmd.

Svör framkvæmdaraðila:

Í svörum framkvæmdaraðila er m.a. vísað til þess að kortlagning frá því í febrúar 2026 á votlendi sýni að stórt svæði nærri Þjórsá hafi verið tekið undir skógrækt ásamt því að samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar liggja veglínar framhjá skilgreindu skógræktarsvæði sunnan Þjórsár. Veglínar sé innan við 200 m frá jaðri skógræktarsvæðanna en rannsóknir hérlendis hafi sýnt að jaðaráhrifa geti gætt um 200-250 m út frá skógræktarsvæðum. Það megi því gera ráð fyrir að jaðaráhrifa vegna skógræktar gæti nú þegar á hluta fyrirhugaðrar veglínu. Gróflega megi áætla að jaðaráhrifa muni gæta á um 2,5 km kafla af veginum þar sem jaðaráhrifa vegna skógræktar gæti ekki nú þegar og þar sem ekki sé gert ráð fyrir iðnaðar- eða athafnasvæði skv. skipulagi. Miðað við 200 m jaðaráhrifasvæðis frá vegi muni vegurinn hafa áhrif á búsvæði fugla á um 1 m² svæði. Í fuglarannsókn Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar sé gert ráð fyrir merkingu spóa með rafeindatækjum svo hægt sé að rekja ferðir þeirra og meta áhrif framkvæmda á einstaklinga. Um sé að ræða umfangsmikla rannsókn og með henni sé mögulegt að vakta áhrif á fugla vegna framkvæmda við Búðafossveg.

Afstaða sveitarfélaga:

Sveitarfélögin eru sammála því að við framkvæmdir skuli ávallt gæta varkárni gagnvart fuglum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun og taka þurfi mið af jaðaráhrifum framkvæmdanna og mikilvægi þess að eftir því sem nauðsyn krefji séu sett skilyrði til að draga úr truflun á fuglalífi á framkvæmdatíma. Þó verði um þessi atriði að taka tillit til svara framkvæmdaraðila sem benda til þess að jaðaráhrif framkvæmdanna séu minni en Náttúrufræðistofnun hafi talið. Ekki séu forsendur til að falla frá framkvæmdum vegna jaðaráhrifa framkvæmdarinnar á fuglalíf.

5. Önnur leyfi

5.1 Leyfi Fiskistofu og ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar

Vegagerðin hefur í undirbúningi brúargerðarinnar aflað upplýsinga og umsagna fagstofnana og leyfi Fiskistofu fyrir brúun árinna, sbr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Fiskistofa hefur veitt leyfi til Vegagerðarinnar til að reisa nýja brú yfir Þjórsá (sem verður 204 metrar að lengd og 11 metra breið) fyrir ofan fossinn Búða í Þjórsá.

Leyfi Fiskistofu, sem gildir til 30. apríl 2027, fylgir með umsókn Vegagerðarinnar ásamt uppfærðri skilgrein/umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 5. maí 2022 um áhrif framkvæmdanna á lífríki í vatni, umsögn Veiðifélags Þjórsár frá 21. júlí 2022 og minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar frá 24. apríl 2024 um mat á áhrifum framkvæmdanna á vatnshlot út frá markmiðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Lenging brúar

Í leyfi Fiskistofu er m.a. rakið að Vegagerðin hafi tekið mið af ábendingu í umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 21. júlí 2022 þar sem lagt sé til að skoðað verði hvaða áhrif 160 m brúarhaf hafi á straumlag og straumhraða og hvort brúarhafið þurfi hugsanlega að vera lengra með tilliti til fiskgöngu, og uppfærð útfærsla miði þannig við 204 m langa brú. Jafnframt kemur þar fram að stjórn Veiðifélags Þjórsár hafi gert athugasemdir við fyrirhugaðar vegfyllingar beggja vegna brúarinnar og að útfærslu brúargerðarinnar hafi verið breytt til þess að minnka slíkar vegfyllingar og brúin sjálf lengd úr 160 m í 204 m. Að auki er í leyfi Fiskistofu rakið að fram komi í mati Hafrannsóknarstofnunar á áhrifum framkvæmdanna á vatnshlotið Þjórsá 1 að stofnunin telji ólíklegt að framkvæmdir við vega- og brúargerð muni valda breytingum á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1 eða þveráa hennar ofan brúarstæðis með tilliti til laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Einnig liggur fyrir minnisblað Eflu vegna fyllinga í árfarvegi Þjórsár vegna lengdrar brúar frá 6. júní 2023 þar sem fjallað er um samskipti við hagsmunaaðila, Hafrannsóknarstofnun og Veiðifélag Þjórsár, athugasemdir þeirra og viðbrögð hönnuða til að taka mið af þeim. Þá er sérstaklega fjallað um mögulegar útfærslur á varnargörðun/fyllingum í árfarveginn á framkvæmdatíma sem þrengi árfarveginn tímabundið og leiði til aukins straumhraða ásamt möguleikanum á að láta þá standa í árfarveginum yfir sumartímann. Að auki liggur fyrir straumfræðigreining verkfræðistofunnar Verkís frá 6. febrúar 2024, sem var unnin vegna framangreindra ábendinga um mögulega lengingu brúarinnar vegna straumhraða.

Á grundvelli framangreindra gagna ákvað Vegagerðin að lengja brúna úr 160 metrum í 204 metra til þess að koma í veg fyrir óæskilega háan straumhraða í brúaropi.

Nánari skilyrði og ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar

Í leyfi Fiskistofu er tilgreint að miða skuli við að farvegi árinna verði ekki raskað á göngutíma fiska, á tímabilinu 1. maí – 15. október. Fiskistofa leggur áherslu á að farið verði eftir ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar og Veiðifélags Þjórsár varðandi framkvæmdina og að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum.

Leyfi Fiskistofu er háð því skilyrði að lögð verði fram áætlun um rannsókn á áhrifum framkvæmda á göngu laxfiska á vatnasvæðinu á framkvæmdatíma og seiðabúskap ofan við framkvæmdasvæði og rannsókn gerð samhliða framkvæmdum á árabílinu 2024-2027. Niðurstöður verði bornar saman við fyrirbyggjandi upplýsingar um seiðabúskap. Í áætluninni verði jafnframt tilgreint til hvaða ráða verði gripið ef í ljós kemur að þrenging á árfarvegi Þjórsár tefji eða hindri göngu fiska. Áætlunin verði staðfest skriflega af Fiskistofu áður en framkvæmdir hefjast í farvegi Þjórsár.

Ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar eru eftirtaldar:

- Framkvæmdaraðili skuli gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem að grugga það upp.
- Hindra skuli að olía eða aðrir skaðlegir vökvar leki úr vinnuvélum og tækjum í eða við ána.
- Takmarka skuli framkvæmdasvæðið í ánni eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- Gengið skal þannig frá efni sem grafið er upp úr árfarvegi að ekki skolist úr því grugg niður í árvatnið í rigningu.

- Ganga skuli frá framkvæmdastað þannig að ekki verði nein hættu á að lífríki skaðist
- Ganga skuli frá jarðveggsárum nálægt bökkum vatnsfalla þannig að ekki skolist jarðvegur út í þau.
- Þegar um fínan sand er að ræða þurfi að gæta að því að koma í veg fyrir fok.
- Við notkun steypu skuli hafa í huga að óhörðnuð steypa er mengandi og hættuleg lífríkinu komist hún í beina snertingu við árvatnið. Ef unnt er væri æskilegt að forða því að steypa eða steypuskol leki út í árvatnið. Steypa þurfi a.m.k. viku til að harðna svo að óhætt sé að hleypa árvatni í snertingu við hana.

Sveitarfélögin taka undir framangreindar ráðleggingar og munu setja skilmála fyrir framkvæmdunum í samræmi við þær sem og þau skilyrði sem sett eru að öðru leyti fram í leyfi Fiskistofu.

5.2 Samþykki landeigenda

Gengið var frá samningum við alla landeigendur á árunum 2009 – 2010. Þá var samið við landeigendur Réttarholts og Minna Hofs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í Rangárþingi ytra var samið við landeigendur Vindás og Minni Valla. Gengið hefur verið frá þessum samningum að fullu og þeim þinglýst. Vegna breytinga á veglínunum sem urðu vegna tilkomu hringtorgs, lengri brúar og fornleifa er nauðsynlegt að endurgera tvo af eldri samningum um land undir Búðafossveg. Annars vegar við Skeiða- og Gnúpverjahrepp (land Réttarholts) og hins vegar við landeigendur Vindás í Rangárþingi ytra. Viðræðum við landeigendur um breytta afmörkun vegsvæðis er að mestu lokið, en undirritun samninga og þinglýsingu þeirra er ekki lokið.

Áréttað er að framkvæmdaleyfið veitir ekki heimild til framkvæmda á tilteknum svæðum nema fyrir liggi samþykki landeiganda viðkomandi svæðis eða eignarnám, hafi ekki náðst samkomulag við landeiganda.

6. Lagaleg umgjörð

Við ákvörðun um leyfisveitingu til framkvæmda var farið yfir ákvæði laga og reglugerða sem koma til álita áður en framkvæmdaleyfi er veitt, allt í þeim tilgangi að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir allar nauðsynlegar upplýsingar sem máli skipta t.d. varðandi umhverfisáhrif og verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, landslag og varðveislu jarðminja og upplýsingar um hvernig hægt sé að draga úr þeim áhrifum sem framkvæmdin mun hafa.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu lögum sem litið var til.

- **Skipulagslög nr. 123/2010.** Skoðað var hvort framkvæmd Vegagerðarinnar samkvæmt umsókn og fylgiskjölum væri í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Kynnti sveitarstjórn sér matsfyrirspurnir vegna framkvæmdarinnar ásamt ákvörðunum Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Var þar helst litið til 13. og 14. gr. skipulagslaga sem gilda um framkvæmdaleyfi og framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda og 16. gr. um eftirlit sveitarfélaga.
- **Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.** Sérstaklega var litið til 2. gr. um markmið reglugerðarinnar og 7. gr. um gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar.
- **Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.** Einkum litið til IV. kafla laganna um málsmeðferð vegna tilkynningarskyldra framkvæmda sbr. m.a. 6. og 13-14. gr. Upprunalega fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar fellur undir gildissvið þessara laga.
- **Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.** Litið var sérstaklega til 2. og 3. gr. náttúruverndarlaganna um verndarmarkmið, 9. gr. um varúðarregluna og 61. gr. sömu laga um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja í þeim tilgangi að greina og kanna hvort gætt hafi verið að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, vatnasvæðis, landslags og jarðminja og mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

- **Lög um menningarminjar nr. 80/2012.** Var sérstaklega litið til ákvæða kafla VI um verndun og varðveislu fornminja.
- **Stjórnsýslulög nr. 37/1993.** Við málsmeðferð umsóknar um framkvæmdaleyfi hafa sveitarfélögin aflað sér upplýsinga til að tryggja að ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis sé byggð á fullnægjandi grunni. Sveitarfélögin hafa kynnt sér ítarlega fyrirhugaða framkvæmd, hönnun hennar, umhverfisáhrif, áhættu og önnur fylgigögn vegna umsóknarinnar, allt í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu stjórnvalds.
- **Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.** Farið var yfir hvort umsóknin uppfyllti stefnumörkun um vatnsvernd, sem fram kemur í vatnaáætlun sbr. 3. mgr. 28. gr. laganna. Sveitarfélögin hafa kynnt sér fyrirhugaða framkvæmd og önnur fyrirliggjandi gögn og telja ólíklegt að framkvæmdir við vega- og brúargerð muni valda breytingum á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1 eða þveráa hennar ofan brúarstæðis með tilliti til laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- **Lög um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021.** Skv. 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021 er kveðið á um að þegar framkvæmdir í flokki B og C samkvæmt eldri lögum nr. 106/2000 hafi verið tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu sé heimilt að ljúka þeirri málsmeðferð samkvæmt eldri löggjöfinni. Þar sem einungis efnistakan eins og hún var fyrirhuguð á fyrri stigum vegna framkvæmdarinnar, en ekki veglagningin sjálf eða stækkun Búðanámu, var tilkynnt Skipulagsstofnun á fyrri stigum falla síðargreindir hlutar framkvæmdarinnar utan gildissviðs 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021. Fer því um meðferð málsins að því er varðar veglagninguna sjálfa og efnistöku sem fellur undir stækkun Búðanámu samkvæmt lögum nr. 111/2021 í stað eldri laga um umhverfismat nr. 106/2000. Einkum litið til IV. kafla laganna um málsmeðferð vegna tilkynningarskyldra framkvæmda sbr. m.a. 19.-20. og 25.-26. gr.
- **Vegalög nr. 80/2007.**
- **Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.** Einkum litið til V. kafla vegna mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

7. Skilyrði leyfisveitanda og mótvægisáðgerðir

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps gera þær mótvægisáðgerðir sem fram koma í matsskyldufyrirspurnum framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar, matsskylduákvörðunum Skipulagsstofnunar, greinagerð Eflu um breytt fyrirkomulag framkvæmdarinnar, leyfi Fiskistofu, umsagna Hafrannsóknarstofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Veiðifélags Þjórsár ásamt staðfestingu Minjastofnunar Íslands, auk skilyrða í öðrum leyfum sem þegar hafa verið veitt, og fram koma í umsókn um framkvæmdaleyfi, og fylgiskjölum, að skilyrðum fyrir samþykki og útgáfu framkvæmdaleyfis. Framkvæmdaraðili skal fylgja mótvægisáðgerðum og áætlunum um vöktun sem hann hefur boðað í umsókn sinni og fyrirliggjandi skjölum til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að tryggja öryggi.

Sveitarstjórnirnar binda framkvæmdaleyfi vegna Búðafossvegjar eftirfarandi skilyrðum í samræmi við 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga og a. og b. lið 4. mgr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi:

1. Framkvæmdaraðili skal fylgja gildandi skipulagi og skipulagsáætlunum við framkvæmdirnar.
2. Framkvæmd skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
3. Framkvæmdaraðili skal, áður en framkvæmdir hefjast í árfarvegi Þjórsár, vinna áætlanir um vöktun, rannsóknir, mótvægis- og neyðaraðgerðir og lagfæringar í farvegi sem tilgreindar eru í skilyrðum í leyfi Fiskistofu í samráði við Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun og Veiðifélag Þjórsár, áður en framkvæmdir hefjast í árfarvegi Þjórsár.

4. Miða skal við að farvegi árinna verði ekki raskað á göngutíma fiska, á tímabilinu 1. maí – 15. október.
5. Framkvæmdaraðili skal fylgja ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar í uppfærðri skilagrein/umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 5. maí 2022 um áhrif framkvæmdanna á lífríki í vatni (töluset 1-8) og tryggja framkvæmd og eftirfylgni þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru tilgreindar.
6. Framkvæmdaraðili skal, fyrir upphaf framkvæmda, útfæra áætlun um vöktun, rannsóknir og mótvægis- og neyðaraðgerðir, þar með talið um endurheimt gróðurs, votlendis og vistgerða, í samráði við Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun og tryggja framkvæmd og eftirfylgni þeirra aðgerða.
7. Vöktunaráætlun skal vera virk frá fyrsta degi framkvæmda og ná til mögulegra óbeinna áhrifa á fuglalíf, gróður og vistkerfi á áhrifsvæði framkvæmdarinnar, þar með talið votlendi. Vöktunargögn, þ.m.t. vöktunaráætlun, skulu vera aðgengileg sveitarfélaginu, Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun og niðurstöður vöktunar gerðar opinberar þegar þær liggja fyrir.
8. Viðbragðsáætlun skal vera til staðar ef mælingar sýna frávik eða ófyrirséð umhverfisáhrif sem rekja má til framkvæmdarinnar.
9. Framkvæmdaraðili skal halda röskun á landi í lágmarki og takmarka hana fyrst og fremst við vegstæðið sjálft og á efnistökusvæði, og gæta þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðis á verktíma. Framkvæmdaraðili skal hlífa votlendissvæðum við raski eins og frekast er unnt, halda öllu raski á öðru gróðurlendi í lágmarki og skal skilgreina öryggissvæði eins þröngt og kostur er.
10. Framkvæmdaraðili skal áfangaskipta efnistöku þannig að sem minnstur hluti efnistökusvæðis verði opin hverju sinni ásamt því að efnistökusvæði og vegskeringar verði ekki opin lengur en nauðsyn krefur.
11. Framkvæmdaraðili skal ganga snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum og með þeim hætti að ummerki framkvæmdar verði lágmarkið. Frágangur skal vera í samræmi við fyrirliggjandi Verklagsreglur Vegagerðarinnar.
12. Framkvæmdaraðili skal ganga frá og loka námusvæði vegna efnistöku í framkvæmdirnar, ganga frá jöðrum þeirra og aðlaga að aðliggjandi landi.
13. Framkvæmdaraðili skal haga frágangi vegsvæða með þeim hætti að þau falli vel að landinu og á vegskeringum þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg, þær verði vel sléttaðar og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir vegskeringa verði lagaðar að landinu í kring svo þær verði síður áberandi. Framkvæmdaraðili skal jafna framkvæmdasvæði, græða upp uppblásturssvæði, græða upp sár í landinu svo séu sem minnst áberandi, sá í vegkanta og vegfláa á grónu landi gróðurtegundum sem henta svæðinu og skera sig ekki úr umhverfinu.
14. Framkvæmdaraðili skal tryggja að möguleikar til útivistar minnki ekki á framkvæmda- og rekstartíma með gerð göngu- og reiðleiða, sé þess þörf. Núverandi reiðleiðum skal haldið opnum eins og kostur er á framkvæmdatíma.
15. Framkvæmdaraðili skal gæta þess að fornleifum verði ekki raskað á framkvæmdatíma, m.a. með nauðsynlegum merkingum.
16. Framkvæmdaraðila er skylt að óska samþykkis sveitarfélaga fyrir breytingum á framkvæmdinni. Tilkynna skal sveitarfélögunum, Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun og Skipulagsstofnun um allar breytingar á framkvæmdinni.
17. Framkvæmdin er í mikilli nálægð við byggð. Gæta skal þess að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

18. Aðföng vegna Búðafossvegar og brúar sem Landsvirkjun ber ábyrgð á skv. samningi við Vegagerðina frá 12. maí 2009 skulu vera tiltæk þ.a. opna megi veginn fyrir almennri umferð á árinu 2029.
19. Á framkvæmdatíma starfrækir undirverktaki framkvæmdaraðila steypustöð á framkvæmdarsvæðinu. Tryggt skal vera að rekstraraðili steypustöðvarinnar hafi fulla heimild framkvæmdaraðila til að framleiða og afhenda steypu út fyrir framkvæmdarsvæðið til annarra viðskiptavina. Með því móti er tryggður aðgangur nærsamfélagsins að steypustöð á framkvæmdartíma virkjunarinnar.
20. Velja skal haugsetningarsvæði með hliðsjón af ásýnd úr fjarlægð og frá helstu áningarstöðum eftir því sem við á, og tryggja að landmótun taki mið af náttúrulegu formi landsins. Haugsetningarsvæði skulu valin og mótuð þannig að þau verði ekki sýnileg úr fjarlægð eða frá helstu áningarstöðum eða falli að landslaginu.
21. Virkt eftirlit, með reglubundnum vöktunarskýrslum, skal vera með framkvæmdum við frágang þar til ásættanlegt gróðurþekju- og landslagsástand hefur náðst.
22. Komi viðbótarupplýsingar í ljós á framkvæmdatíma sem þýðingu hafa um kortlagningu gróðurfars, sbr. athugasemdir Náttúruverndarstofnunar, ber framkvæmdaraðila að tilkynna sveitarfélögunum það og skal þá skoðað sérstaklega hvort bregðast þurfi við slíkum upplýsingum með breytingum eða mótvægisáðgerðum.